


grunnmynd 2. hæð

BRUNAVARNIR
Eftirfarandi brunahönnun og brunavarnalýsing er gerð af Brunahönnun slf (Gunnari H. Kristjánssyni byggingar- og brunaverkfræðingi, mál nr. 16-200) í september 2016 fyrir Norðurhellu 17, Hafnarfirði. Lausnir eru skv. forskiftarákvæðum byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og 350/2013. Ekki er um ræða frekari brunahönnunarskýrslu.

Flokkun og notkun byggingar
Byggingin verður í notkunarflokki 4 skv. byggingarreglugerð en um er að ræða breytta notkun á húsinu frá áður samþykktum teikningum.

Brunahólfun
Hvert gistiherbergi er sér brunahólf.
Gangar við gistiherbergi eru sér brunahólf.
Stigahús og lyfta er sér brunahólf.
Inntaksrými er sér brunahólf.
Ræstingar eru sér brunahólf.
Starfsmannarými eru sér brunahólf.
Lóðréttir lagnastokkar eru sér brunahólf.

Burðarvirki
Hæðaskil eru a.m.k. REI90.
Brunamótstaða aðalburðarvirkja er a.m.k. R90.
Brunamótstaða burðarvirkis þaks er a.m.k. R60.
Klæðningar
Klæðningar verða skv. ÍST EN 13501.
Innanhúsklæðningar verða í flokki 1 og gólfefni í flokki G.
Utanhúsklæðningar eru í flokki 1.
Upphengd loft verða úr A-efnum.
Þakklæðningar eru í flokki B(roof) (t2).

Flóttaleiðir
Hvergi er lengra en 15 m í næsta útgang,
Gert er ráð fyrir allt að 24 gestum á hvorri hæð.
A.m.k. tvær óháðar flóttaleiðir eru frá herbergjagöngum.

Önnur leiðin frá annarri hæð er út á svalir og hringstiga. Hann verður með nettó radíus a.m.k. 95 sm.
Flóttahurðir skulu búnar neyðarhúnum eða "push pad".
Í hverju gistiherbergi skal vera flóttaleiðauppdráttur sem tilgreinir flóttaleiðir og helstu viðbrögð við bruna.

Brunaviðvörunarkerfi
Viðurkennt númerað brunaviðvörunarkerfi verður í öllu húsinu skv. ÍST EN 54 og reglum Mannvirkjastofnunar. Stjórnstöð og yfrlitsmynd er við móttöku. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð.

Loftræsikerfi
Loftræsikerfi skulu vera skv. DS428.
Útsogsstokkur er sér fyrir hvert herbergi og safnast nokkrir saman í sameiginlegan útsogsblásara á þaki. Þeir skulu uppfylla a.m.k. F200 skv. ÍST EN 12101-3 með öruggu rafmagni og EI30 rafköplum.

Reyklosun
*Reykræsing er almennt um glugga og hurðar.*

Slökkvitæki
Slökkvitæki skv. ÍST EN 3 skulu m.a. staðsett skv. teikningu, t.d. 6 L léttvatn og 5 kg kolsýra í inntaksrými. Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkenndum aðila. Staðsetning brunaslanga og slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum.

Út- og neyðarlýsing
Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.
Reikna skal með a.m.k. 1 lux á göngum, 5 lux í stigahúsi og 0,5 lux í salernum fyrir fatlaða.

Aðkoma slökkviliðs og slökkvivatn
Aðkoma slökkviliðs er góð kringum húsið.

Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa
Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins
(brunaviðvörunarkerfi, handvirkum slökkvibúnaði og út- og neyðarlýsingu). Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir gistiheimilið Norðurhellu 17.

BRUNAHÖNNUN
20 ára reynsla

Digitally signed by Gunnar H Kristjansson
DN: cn=Gunnar H Kristjansson gn=Gunnar H Kristjansson c=Iceland l=IS o=Brunahonnun slf e=gunnarbruni@gmail.com
Reason: I have reviewed this document
Location:
Date: 2017-01-16 14:34Z

Samþykkt þann
30. nóv. 2016
Byggingafulltrúinn Hafnarfirði

skýringar.:

verkheiti.: Norðurhella 17
INNRÉTTING HÚSS: GISTIHEIMILI

verkhluti.:
Grunnmynd 2.hæð, brunaskýrsla

| | |
|---|---|
| mkv.: | 1:100 |
| dags.: | 14.10.16 |
| hannað.: | GG |
| teiknað.: | GG/PL |
| blaðstærð.: | A-2 |

dags. breytinga:
br. (a).:
br. (b).:
br. (c).:
br. (d).:
br. (e).:
br. (f).:
br. (g).:
fylgiskjöl.:

Guðmundur Gunnlaugsson, arkitekt FAÍ
kt: 190554-3419
Teiknistofan Archus slf, Stórhöfða 17.
110 Reykjavík. s: 567 7735 gsm: 898 7894
gg@archus.is - www.archus.is

samþ.:

teikn.nr.:
A03